



Fundargerð

390. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. febrúar 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 389. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 14. janúar 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd 8. febrúar 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1502015 – Deiliskipulag Fremri-Gufudalur, breyting.

Sveitarstjórn samþykkir að breyting á deiliskipulagi Fremri-Gufudals verði auglýst að nýju skv. 43. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð, verði auglýst að nýju skv. 41. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1602003 – Álagning fasteignagjalda á jarðhita.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Brunamála- og almannavarnanefnd 9. febrúar 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1601013 – Póstþjónusta, breyting á fyrirkomulagi dreifingar.

Svarbréf frá forstjóra Íslandspósts dagsett 29. janúar 2016.

Farið yfir svarbréf frá forstjóra Íslandspósts. Lögð fram drög að bréfi til innanríkisráðherra er varðar sérstöðu Reykhólahrepps hvað varðar fjarlægð frá pósthúsi. Sveitarstjóra og ÁMG falið að koma erindinu áleiðis og senda afrit til Póst- og fjarskiptastofnunar og Íslandspósts. Samþykkt samhljóða.

2. 1602006 – „Eftir gegnumslátt“, tilnefning fulltrúa í verkefnanefnd á vegum FV.

Erindi frá Aðalsteini Óskarssyni dagsett 1. febrúar 2016.

Sveitarstjórn samþykkir að þeir sem kosnir eru í svæðisskipulagsnefnd vegna svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar sitji einnig í verkefnanefnd, Karl Kristjánsson sem aðalmaður og Áslaug Berta Guttormsdóttir sem varamaður. Samþykkt samhljóða.

3. 1602009 – Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Reykhólahreppi.

Lagðar eru fram viðmiðunarreglur um snjómokstur í Reykhólahreppi. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar og felur sveitarstjóra að birta þær á vef sveitarfélagsins.

4. 1602010 – Viðauki við samning um skólaakstur.

VÞ vék af fundi.

Lagður er fram viðauki við samning um skólaakstur við Vilberg Þráinsson. Skólabílfreið hefur verið stækkuð sem nemur tveimur sætum með tilheyrandi kostnaði. Samþykkt að hækka taxta fyrir hvern ekinn kílómetra um 20 kr. Miðað við vísitöluhækkun frá upphafi samnings breytist gjaldið úr 154 kr./km í 174 kr./km. frá og með 1. janúar 2016. Samþykkt samhljóða.

VÞ kom aftur inn á fundinn.

5. 1602012 – Nýting forkaupsréttar á fasteignum á Kötlulandi, lóð 2, fnr. 212-2540.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps nýtir ekki forkaupsrétt sinn til kaupa á fasteignum á Kötlulandi, lóð nr. 2, fnr. 212-2540, vegna yfirstandandi sölu eignanna. Samþykkt samhljóða.

6. 1602007 – Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis.

6.1 Tillaga til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra, 14. mál.

6.2 Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga (skilgreining og álagning vatnsgjalds), 400. mál.

6.3 Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna), 404. mál

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp og þingsályktanir. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1602008 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. janúar 2016.

Farið yfir fundargerð.

2. 1510008 – Fundargerð símafundar sveitarstjóra og ráðgjafa vegna svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 27. janúar 2016.

Farið yfir fundargerð.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____